

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 11. apríl 2023

Matvælaráðuneytið  
Skrifstofa sjálfbærni

**Efni: Umsögn um stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu, mál nr. 63/2023.**

Bændasamtökin taka undir það meginstef sem fram kemur í stöðuskjalinu um mikilvægi þess að ná fram betri nýtingu lífrænna efna. Það er einnig afstaða samtakanna að nálgast þurfi málaflökkinn með heildstæðum hætti á landsvísu með víðtæku samstarfi þeirra aðila sem í hlut eiga.

Áskoranirnar sem í þessu felast og farið er yfir í stöðuskjalinu verði ekki leystar með óhóflegum álögum á landbúnaðinn í formi skatta eða gjalda heldur verði að vinna að lausnum sem búi til verðmæti úr þeim lífræna úrgangi sem til fellur. Bændasamtökin í samstarfi við Landeldi hf. og fleiri aðila hafa á undanförunum mánuðum unnið að verkefni sem miðar að áburðarframleiðslu úr lífrænum úrgangi. Með stórauðnu landeldi opnast áður óþekkt tækifæri til slíkrar framleiðslu með tilheyrandi samlegðaráhrifum varðandi annan lífrænan úrgang. Markmið verkefnisins er að styðja við hringrásarhagkerfið með því að hámarka endurnýtingu næringarefna úr lífrænum úrgangi og fullvinna úr þeim áburð til landbúnaðarnota. Jafnframt telja samtökin að horfa eigi til þess að nýta lífrænan úrgang í meiri mæli til kjötmjölsframleiðslu sem og að lífkolaframleiðsla geti verið lausn þar sem endurnýting í formi áburðarframleiðslu er ekki möguleg.

Með framangreindum aðferðum megi fanga stærstan hluta lífrænna efna. Bændasamtökunum hugnast illa sú mikla áhersla sem er á að brenna lífrænan úrgang en slíkt ætti að vera síðasta úrræðið til afsetningar þar sem sú leið er bæði afar dýr og tekur lífræn efni út úr hringrásarhagkerfinu.

Eins og nefnt er í stöðuskjalinu þá getur regluverk verið hamlandi þáttur í nýtingu lífrænna efna. Bændasamtökin telja að það regluverk sem er í gildi í dag gangi í nokkrum veigamiklum atriðum gegn markmiðum um hringrásarhagkerfið. Þannig kemur regluverkið til að mynda í veg fyrir skynsamlega nýtingu á kjötmjöli sem áburðarefni. Þá er, miðað við nýjustu upplýsingar frá MAST, stefnt að enn strangari kröfum á þessu sviði þó með öllu sé óljóst hver séu fræðileg rök fyrir slíku. Þannig er notkun slíkra áburðarefna t.a.m. leyfisskyld sem felur í sér að hvert bú verður að sækja um leyfi til notkunar áburðarins. Slíkt mun fela í sér ófyrirséðan kostnaðarauka fyrir þá sem vilja taka þátt í verkefnum sem miða að markmiðum hringrásarhagkerfisins. Þá liggur fyrir tillaga hjá ESB um breytingu á aukaafurðareglugerðinni þess efnis að blanda þurfi kjötmjöl a.m.k. til helminga með öðrum efnum til að leyfa sölu þess til notkunar. Slíkt myndi hafa í för með sér enn strangari reglur varðandi verslun með kjötmöl. Ljóst er að verði regluverkið ekki uppfært í samræmi við nýja tækni á sviði úrgangsmála þá eru allar lausnir sem styðja hringrásarhagkerfið í uppnámi.

Að framansögðu vísast jafnframt til erindis sem sent var Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Matvælaráðuneytinu o.fl. þann 11. apríl 2023 og varðar geiravinnu landbúnaðarins og samlegð við önnur úrræði á landsvísu.

Að því sögðu óska Bændasamtökin eftir aðkomu að þeirri vinnu sem farið verður í innan ráðuneytisins á grundvelli stöðuskjalsins. Þá eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur